Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

16. tbl. Þriðjudagurinn 18.4. 1978 7. árgangur Verð kr. 80.-

Útflutningsbann er öflug aðgerð

Verkamannasambandið hefur nú eitt hafið aðgerðir gegn ólögum ríkisvaldsins.

Þessi aðgerð, útflutningsbannið, hefur að vonum vakið mikið umtal manna á meðal og deilur. Þeir sem andvígir eru þessum baráttuleiðum Verkamannasambandsins eru þeir sömu og eru andvígir því að verkalýðurinn gangi leið stéttabaráttunnar yfirleitt og eru því í raun þjónar auðstéttarinnar. Rök þessara úrtölumanna eru margvísleg að venju en hins vegar ekki gáfuleg að sama skapi. Þau eru líka vel þekkt frá fyrri kjarabaráttum stéttanna.

Rök auðjöfranna eru "að þjóðarbúið þoli ekki að greiða alþýðunni nema sultarlaun", "verkföll og aðrar baráttuaðgerðir verkalýðsins setji þjóðarbúið á hausinn", "ríkisvaldinu gangi aðeins gott til þegar það lækkar launin og brýtur gerða samninga" og svona má lengi telja.

Þessu er því til að svara að hagsmunir verkalýðsins og atvinnurekenda eru algerlega andstæðir þar sem annar aðilinn lifir á því að arðræna hinn. Arðræninginn beitir svo valdaaðstöðu sinni hverju sinni gegn verkalýðnum eftir því hvernig það hentar honum best s.s. skerðir lýðréttindi, lækkar kaup, eykur vinnuálag, semur lög og fylgir þeim fram með þeim hætti sem hann telur viðeigandi o.s.frv.. Gegn auðstéttinni og áróðri hennar verður því verkalýðurinn að berjast með það að markmiði að svifta hana einkaeignarréttinum yfir atvinnutækjunum.

Rök svikaranna innan verkalýðshreyfingarinnar eru að þessu sinni "að þeir séu á móti því að láglaunafólki sé beitt fyrir vagninn í kjarabaráttunni". Þannig reyna þessir pólitíkusar, aðallega sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn, að koma fram sem umhyggjusamir verkalýðsunnendur um leið og þeir reyna eftir mætti að koma í veg fyrir að verkalýðurinn berjist fyrir rétti sínum. Það sem þessir lýðskrumarar eru að hugsa um er að fá nægilega mörg atkvæði til að komast í þingsæti næsta kjörtímabil.

Þeir reyna að telja verkafólki trú um að það þurfi sjálft

Framhald á síðu 2.

Baráttueining og Rauð verkalýðseining



Myndin er frá útifundi Baráttueiningar 1976. Sú aðgerð var víðtæk samfylking sem marxistar-lenínistar gengust fyrir.

Loksins hafa andstæðingar þeirrar undansláttarstefnu sem rekin hefur verið innan verkalýðshreyfingarinnar undanfarin ár, náð samstöðu á 1. maí.

Kjaraskerðingar og árásir á samningsrétt verkalýðsins dynja nú yfir, en verkalýðshre hreyfingin hefur ekki sýnt sig þess megnuga að hrinda þeim árásum eða bæta kjör sinnar stéttar. Í forystu verkalýðshreyfingarinnar hefur ríkt stéf stefna undansláttar og tiljliðru unarsemi við hagsmuni atvinnu rekenda, sem kallast því fína nafni "að hugsa um þjóðarhag" á meðan hagsmunum meirihluta þjóðarinnar - launafólks- er fórnað.

En nú er mælirinn fullur og á 1. maí munu þeir fylkja liði sem velja baráttustefnu í stað undansláttar. Þeir sem undanfarin ár hafa staðið að göngunum Baráttueining og Rauð verk verkalýðshreyfing, munu nú standa að sameiginlegum aðgerðum undir kjörorðunum: GEGN AUÐVALDI, - GEGN STÉTTASAMVINNU, - TÖKUM EKKERT TILLIT TIL HAGSMUNA ATVINNUREKENDA. Meðal annara krafna eru: Lífvænleg laun fyrir dagvinnu, fulla vísitölutryggingu, kröfur um lýðræðislegri og virkari verkalýðsfélög, gegn árásum á samnings-og verkfallsréttinn, húsnæðis-og leigumál, jafnréttismál, æskulýðsmál, stuðningur við þjóðfrelsishreyfingar og gegn heimsvaldastefnu.

Grundvöllur aðgerðanna verður birtur í heild í næsta blaði ásamt dagskrá þeirra.

Þrjú samtök hafa þegar ákveðið þátttöku í aðgerðunum, Kommúnistaflokkur Íslands MI Fylkingin og Rauðsokkahreyfingin.

Stéttabaráttan hvetur lesendur sína til að ganga í kröfugöngunni með Baráttueiningu og Rauðri verkalýðseiningu á 1. maí og reka áróður fyrir að fá vinnufélaga sína með.

Sýnum baráttuviljann í verki.

Leigjendur skipuleggja sig

Undirbúningsfundur fyrir stofnfund Landssambands leigjenda var haldinn 12. apríl. Fundurinn sem haldinn var í Alþýðuhúskjallaranum var fjölmennur, 65 manns, sem er mjög gott ef tekið er tillit til þess að leigjendur eru yfirleitt hræddir við að reyna að ná fram rétti sínum, því að réttindaleysi þeirra er það algjört gagnvart leigusalanum. Á fundinum voru þrír frummælendur, þeir Haukur Már Haraldsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Arnmundur Backmann.

Hjá Guðmundi kom meðal annars fram að í Reykjavík eru um 27 þúsund íbúðir eða u.þ.b. 1 herbergi á mann. Sem fulltrúi í úthlutunarnefnd framkvæmdarnefndaríbúðanna, hafi hann frá ýmsu að segja, enda leita margir leigjendur þangað í vandræðum sínum. Meðal annars upplýsti hann að flestir umsækjendur væru ungt fólk, láglaunafólk og fólk sem á við veikindi að stríða. Oft væri þetta fólk úr sömu húskumböldunum, sem dæmdir hafa verið óíbúðarhæfir. Væru þetta húsnæði í eigu nokkurra einstaklinga er græddu vel á að leigja út heilsuspillandi húsnæði. Enda er algengt að á umsóknum til íbúða Framkvæmdanefndarinnar sé tekið fram að börnin í þessum hjöllum þjáist af síhósta, bronkítis eða asma. En þrátt fyrir að málefni leigjenda væru greinilega mikið hagsmunamál fyrir leigjendur þá kom fram að þeim hafði lítið verið sinnt af hálfu verkalýðsforystunnar.

Fundargestum þótti þetta að vonum vera heldur döpur niðurstaða og kröfðu Guðmund skýringar á þessu. Reyndi hann helst að réttlæta það, fyrir utan slóðaskap er hann viðurkenndi, að fæstir meðlimir verkalýðsfélaganna væru leigjendur og því væri erfitt að fá þeirra hagsmunamál í gegn og myndi vera fellt ef reynt væri að gera það að

Framhald á síðu 3.

Kirkjusandur



Guðmundur J. Guðmundsson í kaffistofu verkafólksins á Kirkjusandi. Hann er linur í baráttunni fyrir 8 stunda dagvinnu.

Síðastliðinn föstudag ætluðu nokkrar verkakonur í fiskiðjuverinu á Kirkjusandi að hætta vinnu að lokinni dagvinnu. Var þeim þá tjáð af verkstjóra að slíkt væri óheimilt og yrðu þær reknar ef þær stæðu við ákvörðunina. Tvær konur létu sig ekki og hættu vinnu að loknum átta stundunum, eins og verkafólk á fullan rétt á. Þegar þær mættu svo til vinnu s.l. mánudag var þeim sagt að búið væri að segja þeim upp. Mikil óánægja greip um sig á meðal verkafólksins, og varð það til þess að formaður verkakvennafélagsins Framsóknar og varaformaður Dagsbrúnar létu sjá

Framhald á síðu 3.

LEIÐARI

Útflutniningsbannið

Nú hafa þeir lægst launuðu innan verkalýðshreyfingarinnar hafið útflutningsbann, til að ganga á eftir kröfum sínum um að staðið verði við gerða kjarasamninga.

Innan Verkamannasambandsins eru launin á bilinu kr. 112-150 þús. Það er því ekki um neitt hálaunafólk að ræða, heldur þann hóp launafólks sem verst er settur í launum. Kröfurnar eru líka hógværar, eða að greiddar verði fullar verðbætur á laun þessa láglaunahóps. Ríkisstjórnin og atvinnurekendur hafa þó snúist öndverðir gegn þessum hógværu kröfum og tala þess í stað um að þjóðarbúinu sé stefnt í voða. Ef ríkisstjórnin hefði minnsta áhuga á að afstýra þessum voða, væri það auðvelt og það hefði lítinn tilkostnað í för með sér.

Fyrir síðustu kjarasamninga, töluðu allir um að bæta yrði kjör þeirra lægst launuðu. Ólafur Jóhannesson talaði þá um að sjálfsagt væri að ganga að kröfunni um 100 þús.kr. lágmarkslaun, en þegar til framkvæmdanna kemur er ekkert að marka orð þessara manna. Þeir nota fyrsta tækifæri til að lækka enn frekar laun þeirra lægst launuðu. Á meðan ráðherrar og aðrir slíkir fengu 50 þús.kr. í kjarabætur,

fengu verkamenn innan Verkamannasambandsins kr. 20 þús. Þannig eru verk þessara manna í algjöru ósamræmi við yfirlýsingarnar. Það eru gefin fögur fyrirheit en þegar til framkvæmdanna kemur þverneita þessir sömu menn láglaunafólki um nokkra leiréttingu sinna mála. Í stað þess á svo að kenna verkafólki um þjóðarvoða þegar það leitar réttar síns gegn ólögum ríkisstjórnarinnar. Það er ríkisstjórnin og atvinnurekendur sem bera alla ábyrgð á því stéttastríði sem nú stendur yfir. Ríkisstjórnin og atvinnurekendur geta komist hjá útflutningsbanninu með því að ganga að kröfum Verkamannasambandsins um fullar verðbætur samkvæmt samningum. Það er sú leið sem krefjast verður að farin verði til að komast hjá þeim vanda sem ríkisstjórnin og atvinnurekendur hafa sjálfir skapað.

Þessar eðlilegu og sjálfsögðu kröfur verða öll verkalýðsfélög að styðja með ráðum og dáð og enginn má svíkjast undan merkjum ef árangur á að nást.

Þetta virðast ekki allir skilja innan Verkamannasambandsins. Karl Steinar Guðnason í Keflavík sem er varaformaður sambandsins, hefur nú þegar svikist undan merkjum og gengið til liðs við atvinnurekendur. Það er ekki auðvelt að heyja árangursríka baráttu með slíka stéttsvikara innanborðs, sem nota hvert tækifæri til að auka sinn pólitíska frama á kostnað verkalýðshreyfingarinnar. Þessir menn láta í veðri vaka að þeir hafi samúð með baráttu verkalýðsins, en nota síðan fyrsta tækifæri til að ganga til liðs við atvinnurekendur. Því miður eru þessir stéttasamvinnutilburðir Karls Steinars Guðnasonar ekkert eins dæmi. Stéttasamvinnan á sér mjög sterkar rætur í forystuliði ASÍ. Það er því ekki síst mikilvægt fyrir verkafólk að snúast gegn stéttasamvinnunni í eigin forystuliði, ef árangurs á að vænta í kjaraátökum. Verkafólk verður að losa sig við uppkeypta og svikula forystu sem er ekkert annað en leppur atvinnurekenda innan verkalýðshreyfingarinnar.

Höfum það í huga að verkalýðshreyfingin verður aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn og þegar veikasti hlekkurinn er í sjálfri forystunni er voðinn vís. Baráttan gegn stéttasamvinnunni er því ekki síður mikilvæg en gegn kjaraskerðingum atvinnurekenda og ríkisvaldsins.

Kommúnistaflokkurinn hefur marg oft bent á mikilvægi þessa og það ekki að ástæðulausu, eins og dæmin sanna.

Útflutningsbann er öflug aðgerð

Framhald af forsíðu.

ekkert að leggja af mörkum í baráttu sinni fyrir bættum kjörum nema eitt lítið atkvæði á "réttan" stað á fjögurra ára fresti. En þessi orð þeirra eru fals því stéttabaráttan er ekki háð í þinginu, hún er háð út um þjóðfélagið í heild.

Kostir og gallar útflutningsbannsins.

Útflutningsbannið er nýstárleg baráttuaðferð sem Verkamannasambandið er nú frumkvöðull að. Það hefur þá kosti að aðeins lítill hluti verkafólks tekur beinan þátt í aðgerðunum og því er aðeins fámennur hópur sem hugsanlega heldur ekki fullri vinnu og fullum launum. Þó getur útflutningsbannið orðið kraftmikil baráttuaðgerð ef vel er að því staðið. T.d. er nauðsynlegt að þeir sem ekki taka þátt í sjálfum aðgerðunum, styðji baráttufólkið. Öllum er það ljóst að lægst launaða fólkið stendur nú í baráttunni og því getur orðið nauðsynlegt að því sé veittur fjárhagslegur stuðningur.

Útflutningsbannið hefur þann galla að vera seinvirkt en styrkur þess felst í að það stendur gegn fiskiðnaðarauðvaldinu, sem þó neyðist til að halda uppi fullri atvinnu í frystihúsunum. Því Verkamannasambandið mun leyfa flutning fiskjar milli hafna innanlands, þannig að hægt verði að koma unnum fiski til geymslu í frystiklefum um land allt og fylla þá.

Það verður því á ábyrgð atvinnurekenda hvort vinna stöðvast, bæði með því að þeir bera ábyrgð á kjaraskerðingunum og ef þeir ætla að stöðva fiskiðnaðinn með uppsögnum.

Með því að tefla fram fámennum hópi verkafólks til baráttunnar er hægt að heyja öfluga skærubaráttu. Því fáir geta stöðvað mikilvægustu framleiðslugreinarnar og fjöldinn haldið vinnu og stutt þá fáu.

Verkbann í Vestmannaeyjum.

Eigendur frystihúsa í Vestmannaeyjum hafa nú á prjónunum að loka vinnslustöðvunum um næstu helgi. Það hefur í för með sér að milli 700-800 manns yrðu atvinnulausir, bæði verkafólk í landi og sjómenn sem ekki geta siglt með aflann. Orsökina fyrir þessum ákvörðunum sínum segja frystihúsaeigendur vera aðgerðir verkalýðsins í kjarabaráttunni. Sem sagt atvinnurekendur svara með verkbanni. Slík er aðstaða arðræningjanna sem eiga atvinnutækin, þeir drottna yfir lífsafkomu fjöldans. Gegn viðbrögðum þeirra verður verkafólk að snúast með það að kjörorði að taka sjálft við rekstri frystihúsanna sem þeir treysta sér ekki til að reka vegna ónógs gróða.

Allsherjarverkfall Vestfirðinga.


Stjórnarfulltrúar níu verkalýðsfélaga á Vestfjörðum urðu sammála um að allsherjarverkfall væri "sterkasta" úrræði verkalýðshreyfingarinnar.

Menn muna eflaust þjónkun forystumanna Alþýðusambands Vestfjarða við atvinnurekendur þegar þeir brugðust í yfirvinnubannsbaráttunni í fyrra. Nú eru þessir sömu menn andvígir hinum stjórnlistarlegu baráttuaðgerðum Verkamannasambandsins og vilja heldur að allir leggi niður vinnu og séu því kauplausir. Af allsherjarverkföllunum hafa menn ekki of góða reynslu og þau hafa sýnt sig að vera ekki árangursrík.

Greinilegt er að forystumenn verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum eru andvígir því að ráðist verði gegn frystihúsaeigendum sérstaklega og af skynsemi. Það sama má segja um þá Karl Steinar Guðnason og stéttasamvinnulið hans í Keflavík.

Í nafni einlægrar ástar sinnar á verkalýðnum sundra þessir menn baráttueiningu hans, þjóna auðstéttinni í von um pólitískan frama.

Verkafólk - nú er brýnt að fylgja útflutningsbanninu vel eftir og láta það verða virkt í reynd en ekki aðeins pappírssamþykkt. Varast verður áhrif nefndra manna sem gefa sig út fyrir að vera "baráttumenn" og "alþýðusinnar" en eru í raun aðeins metorðastritarar. Í nafni baráttunnar gegn auðstéttinni dylja þeir samvinnu og þjónslund sína við hana.



Leiðrétting

Í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar var birt grein sem bar heitið "Hjálmtý svarað". Þar féll niður setning og er hún birt hér ásamt þeim setningum sem áttu að vera á undan og eftir. - "Jafnvel gerði einn forystumanna Eik(ml) sig sekan um að þiggja 15% kauphækkun og fara þar með ekki út í tveggja daga baráttu gegn ólögunum. Þessi maður er formaður Félags grafískra teiknara og hann gerði enga tilburði til að fá félagið til samstöðu með baráttu verkalýðhreyfingarinnar. Þetta hefur hingað til verið kallað að þiggja mútur". Í grein Stéttabaráttunnar er hvergi sagt, að Hjálmtýr hafi unnið umrædda daga og aðdróttanir hans í þá áttina eru rangfærslur til þess gerðar að hylma yfir aðalatriðin. Minna máli skiptir hvort einstaklingurinn Hjálmtýr var við vinnu umrædda daga heldur en að hann sem formaður í stéttarfélagi og meðlimur í Eik(ml) skyldi ekki beita áhrifum sínum til stuðnings baráttunni gegn ríkisvaldinu -.

SAMSTJÓRN STÉTTANNA

Framhald af baksíðu.

villst. Menn ættu að leggja þessa yfirlýsingu vel á minnið, það er ekki víst að forystumenn AB verði nógu minnugir.

A.m.k. gæti það vafist fyrir þeim að "sanna" hvernig Framsókn var "vinstriflokkur" 1971 - 1974, "hægriflokkur" 1974 - 1978 og svo aftur "vinstriflokkur" seinni part næsta sumars!

Þess ber og að geta að á síðasta landsfundi AB og á verkalýðsmálaráðstefnu AB var fellt að hafna fyrirfram stjórnarsamstarfi við íhaldið.

Ljóst er að innan AB eru skiptar skoðanir um það með hverjum eigi að fara á jötuna í sumar en greinilegt er að AB vill allt til vinna að komast í stjórn. Það flaggar "íslenskri atvinnustefnu" framan í atvinnurekendur og hótar þeim verkföllum til að sýna fram á að þeir einir geti stjórnað landinu eins og íhaldið vill og jafnframt haldið aftur af verkalýðshreyfingunni.

Alþýðubandalagið mun halda áfram að nota verkalýðshreyfinguna í eigin þágu meðan agentar þess fá óhindrað að stjórna verkalýðsfélögum.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Hellisbraut 10, Hellissandi og Gísli Hjaltason pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson, Skarðshlíð 30.

● Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff, Silfurbraut 2.

● Vestmannaeyjar: Helga Jónsdóttir, Brekastíg 24 b 900 Vestmannaeyjum.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

1942 - 1978

Dufþakur

Það er oft vitnað til þess, hversu mikil reisn hafi verið yfir verkalýðshreyfingunni hér fyrr á árum og þá sérstaklega á fjórða áratug þessarar aldar, þegar heimskreppan hafði náð að teygja anga sína til Íslands með tilheyrandi atvinnuleysi og lífskjaraskerðingu. Sú harða stéttabarátta, sem þá fór fram var að mestu undir forystu Kommúnistaflokks Íslands Hann var leiðtoginn í gervallri verkalýðsbaráttunni og raunverulegur fulltrúi sinnar stéttar.


Já, það er af sem áður var. Síðan Kommúnistaflokkurinn var lagður niður 1938 er um að ræða samfellt hningnunarskeið í sögu ísl. verkalýðshreyfingar. 1938 sameinuðust félagar Kommúnistaflokksins og vinstri-sósíaldemókratar úr Alþýðuflokknum í nýjan flokk, sem bar nafnið Sameiningarflokkur alþýðu - Sósíalistaflokkurinn. Sósíalistaflokkurinn hafði frá byrjun gífurleg ítök í verkalýðshreyfingunni og eitt merkasta afrek hans var, að Alþýðusambandið var gert að óháðu verkalýðssambandi, en hafði fram að því lotið stjórn Alþýðuflokksins.

Þrátt fyrir að hentistefna til hægri hafði náð undirtökunum í Kommúnistaflokknum var stéttarmeðvitund og pólitískur þroski íslensks verkalýðs enn mjög mikill, a.m.k. á fyrstu árum Sósíalistaflokksins.

Ársins 1942 verður lengi minnst í sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi. Strax í byrjun þessa árs hafði verkalýðshreyfingin boðað allsherjarverkfall, en ríkisstjórnin svaraði með því að setja lög, er bönnuðu öll verkföll þetta ár. Verkalýðsfélögin aflýstu verkfallinu, en hér var einungis um formsatriði að ræða, gert í þeim tilgangi að komast hjá sektum og að sjóðir félaganna yrðu tæmdir. Verkamenn mættu ekki til vinnu og allsherjarverkfall varð staðreynd engu að síður. Þetta verkfall stóð í mánuð. Í kjölfar þess fylgdu svo skæruverkföll á einstaka vinnustöðum. Um síðir urðu atvinnurekendur og ríkisvald þeirra að láta undan síga fyrir kröftugum mótmælum verkalýðsstéttarinnar; lögin voru afnumin, kaup verkafólks var hækkað til muna og ríkisstjórnin neyddist til að segja af sér.

Þessi árangur náðist vegna þess að samstaða verkalýðsins var alger og baráttan var leidd af baráttufúsustu verkamönnunum. Síðast en ekki síst var stéttarþroski verkalýðsins mun meiri en gerist nú til dags.

Það er vert að minnast þessara atburða nú, þegar verkalýðurinn verður að heyja svipaða baráttu og þá. Ríkisvaldið hefur sett á lög, sem skerða vísitöluuppbótina töluvert og svipt þannig rétti verkalýðssamtakanna til að ákveða sjálf kaup og kjör. En það eru breyttir tímar. Verkalýðshreyfingin er í hnignun og stéttarþroski verkalýðsins þar af leiðandi í ládeyðu. Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa lítið sem ekkert gert til að hvetja hinn almenna launamann til baráttu; þeir hafa þvert á móti haft lamandi áhrif á samtakamátt verkalýðsstéttarinnar og beinlínis sundrað samstöðu hans til að hrinda af höndum sér þessi kjararánslög. Það blandast víst fáum hugur um það, að með samtakamætti sínum gæti verkalýðurinn verið búinn að þvinga stjórnvöld til að afnema þessi ólög. Verkalýðshreyfingin hefur ekki beitt þeim hörðustu gagnaðgerðum, sem hún annars lofaði. Eins og 1942 hefðu skæruverkföll verið beittasta vopnið. Því vopni hefur ekki verið beitt.



Nóvu-deilan: Mannsofnuðurinn a Torfunefsbryggju 1932.

Framhald af forsíðu.

LEIGJENDUR SKIPULEGGJA SIG

samningsatriði. Þessari skýringu var hafnað af þeim félögum sem eru í verkalýðsfélögunum og bentu á að ekki hefði verið reynt að setja þessi mál fyrir félagsfundi.

Umræður urðu fjörugar um þau mál er félagið ætti að berjast fyrir og hvernig lög þess ættu að vera. Voru menn sammála um það að þessi barátta yrði að vera í nánu samstarfi við verkalýðsfélögin. Kosin var stjórn til að vinna að síðasta undirbúningi stofnfundarins og skrifuðu menn sig á lista til að rannsaka hina ýmsu málaflokka. Þetta mál verður kynnt nánar í næsta blaði.

Framhald af baksíðu.

MÓTMÆLI SHA VIÐ ÁLVERIÐ

nær til fleirii þátta þjóðlífsins en aðeins hersetunnar og NATO-aðildar. Og að það er einmitt vegna þessara einkenna að hermálið er eitt mesta hagsmunamáli íslenskrar alþýðu í baráttu hennar fyrir að vernda sjálfsákvörðunarréttinn.



RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Örugg búseta er mannréttindi

Gils Guðmundssonar skrifar sunnudaginn 26. feb. í Þjóðviljann grein, sem hann kallar "Jafn kosningaréttur er mannréttindi". Í greininni vitnar hann í ýmsa þjóðkunna menn á síðustu öld og fyrstu árum þessarar aldar, til stuðnings þeirri kenningu sem felst í fyrirsögninni. Yngsta tilvitnunin er um sjötíu ára gömul.

Ég get ekki fallist á röksemdir Gils og finnst þær blátt áfram furðulegar hjá svo sögufróðum manni. En allt er hey í harðindum og þegar kosningar standa fyrir dyrum hafa þingmenn tilhneigingu til að segja helst það eitt sem kjósendum líkar að heyra.

Á þeim sjötíu árum sem liðin eru frá ummælunum sem Gils vitnar í, hefið orðið gífurleg röskun á búsetu og atvinnuháttum í landinu. Þetta veldur því að umræddar tilvitnanir eiga ekki lengur við, enda óvíst að þeir ágætu menn sem til er vitnað, væru sömu skoðunar við núverandi aðstæður.

Mannréttindi eru spunnin úr mörgum þáttum. Kosningaréttur er aðeins einn þeirra. Hann gefur fólki nokkra möguleika á að ráða því, hverjir fari með völd í landinu. Þau áhrif, sem menn hafa í kosningum, ná þó ákaflega skammt. Þingmenn eru ekki skuldbundnir kjósendum sínum á nokkurn hátt. Dæmi um það blasir við launafólki þessa dagana.

Mannréttindi eru ekki að öllu leyti einstaklingsbundin. Mikil röskun á búsetu veldur því, að fólk sem eftir verður í byggðalagi á erfiðara með að njóta sín. Jafnvel getur svo farið að menn neyðist til að flytja til þéttbýlli staða. Slíkt hefir oft gerst. Aftur á móti njóta menn meiri mannréttinda þar sem þéttbýli myndast. Þar eru möguleikar á ýmiskonar þjónustu sem dreifbýlið nýtur ekki.

Í Reykjavík eru til dæmis allar helstu valdastofnanir landsins. Þangað leita sérfræðingar á öllum sviðum t.d. læknar með sérmenntun, allar helstu menntastofnanir eru þar og svo mætti telja nær endalaust. Þetta skapar íbúum á höfuðborgarsvæðinu möguleika á að njóta meiri mannréttinda en fólk á öðrum stöðum getur veitt sér. Ef þar að auki ætti að koma á jöfnum atkvæðisrétti allra einstaklinga væri verið að kórona misréttið. Þá væri í rauninni verið að fá íbúum höfuðborgarsvæðisins völd til að ráða málum dreifbýlisins. Slíkt væri í hæsta máta ósanngjarnt og áreiðanlega engum til góðs.

Ég skil vel tillögur þær sem Gils vitnar í, þar sem lagt er til að landið sé eitt kjördæmi. Á þeim tíma sem þetta var lagt til var það eðlilegasta lausnin. Nú eru hins vegar allt aðrar aðstæður. Meirihluti þjóðarinnar býr í þéttbýli en ennþá býr þó fólk í fámennum byggðarlögum og á fullan rétt á því. Slík byggðalög eiga að hafa sama rétt og þéttbýlissvæðin, enda standa þau að verulegu leyti undir þjóðarframleiðslunni.

Mér finnst eðlilegast, að landinu sé skipt í tvö kjördæmi, dreifbýliskjördæmi og þéttbýliskjördæmi, sem hvort um sig hafi jafn marga þingmenn, hvað sem líður fjölda atkvæða. Þá væri síður hætta á að mikill flótti úr sveitum yrði til að skerða mannréttindi dreifbýlisfólksins.

Það er auðvitað freistandi fyrir þingmenn að setja sig eins og goð á stall fyrir kosningar og segja að það séu mannréttindi að kjósa þingmenn. Ég vil hins vegar hvetja til alvarlegri umræðu um mannréttindi. Með hliðsjón af því sem nú er að gerast í þjóðlífi okkar mætti t.d. nefna sem umhugsunarefni, sambandið milli laga og réttar, sem mér finnst ekki nógu gott. En ég lýk þessum fátæklegu orðum með staðhæfingu, sem mér finnst nær sanni en fyrirsögn Gils:

Frjáls og örugg búseta er mannréttindi sem kosningaréttur ætti að stuðla að.

Helgi Jónsson

Vonbrigði

Ein besta eign mín
er plata með lögum eftir
Gylfa Þ. Gíslason.

Ég spila hana stundum á fóninn hennar Önnu.

Hjarta mitt hoppaði af gleði
er ég las fréttina um að
Geir Hallgrímsson
hefði gefið út ljóðabók.

"Engum er alls varnað,"
hugsaði ég; fór í skóna
og ætlaði upp í Bolholt
að kaupa áritað eintak
milli klukkan tvö og fjögur ---

---fyrsta apríl.

Helgi Jónsson

Framhald af forsíðu.

KIRKJUSANDUR

sig í fylgd blaðamanna. Uppsagnirnar voru þá dregnar til baka.

Þetta dæmi sem er eitt af mörgum sem athygli er vakin á, sýnir vel fram á nauðsyn þess að komið verði á raunverulegum átta stunda vinnudegi. Atvinnurekendur borga svo illa að verkafólk verður að selja vinnuafl sitt tíu stundir eða meira dag hvern. Þeir vilja brjóta niður þann rétt, að verkafólk geti hætt vinnu eftir 4o stunda vinnuviku í dagvinnu. Bergmál þeirrar kröfu þeirra er jafnvel farin að sjást á prenti. Í Þjóðviljanum, blaði flokksins þar sem Lúðvík Jósepsson útgerðarmaður er formaður. Í þriðjudagsblaðinu þar sem sagt er frá uppsögnunum á Kirkjusandi gefur að líta athyglislega frásögn :

[redacted] **Mikil þörf er því á, að ákveðnar reglur komist á um það, að tilkynnt sé með góðum fyrirvara hve lengi verður unnið, þannig að verkafólk geti þá jafnframt tilkynnt, ef það getur ekki eða vill ekki vinna yfirvinnu.**

Hér er ekki um neitt að semja eins og Þjóðviljinn gefur til kynna. Það gilda ákveðnar reglur um það að verkafólk þarf aðeins að skila 4o stunda vinnuviku, átta tíma á dag, og ef vinna á meira getur verkstjóri beðið verkafólkið um það rétt áður en dagvinnu lýkur. Það er nú sú eina regla sem fara á eftir og verður það svo á meðan við þurfum að þræla eftirvinnu til að lifa af laununum.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
16. tbl. Þriðjudagurinn 18.4. 1978 7. árg.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Kjósum kommúnismann


Kommúnistaflokkur Íslands hélt opinn fund um síðustu helgi í tilefni tveggja ára afmælis síns og til að kynna og ræða afstöðu sína til alþingiskosninganna í sumar. Gunnar Andrésson formaður miðstjórnar flokksins hélt ræðu í tilefni afmælisins og rakti í stuttu máli feril innri og ytri baráttu flokksins á tveggja ára skeiði hans og átakanna fyrir sjálfa stofnunina. Af ummælum Gunnars mátti ljóslega sjá hversu mikilvæg barátta við rangar skoðanir og starfsaðferðir hefur verið háð. Og baráttan fyrir réttri pólitík hefur verið dýrkeypt oft á tíðum en jafnframt bráðnauðsynleg.

Síðan var fluttur ljóðalestur og Hjördís Bergs flutti baráttusöngva, hvoru tveggja við góðar undirtektir.

Sigurður Jón Ólafsson flutti erindi um afstöðu flokksins til þingkosninganna og sagði frá samþykkt landsþingsins um að boðið skyldi fram. Um tvær leiðir væri að ræða annars vegar framboð flokksins og hins vegar samfylkingarframboð um ákveðna málaflokka s.s. fyrir lýðréttindum, mannsæmandi kjörum o.s.frv., gegn allri heimsvaldastefnu og fyrir fullum sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar o.s.frv.. Á eftir Sigurði urðu svo líflegar umræður og síðan ákveðið að setja á stofn umræðu-og starfshópa til frekari framgangs þessara mála.



Gunnar Andrésson formaður Kommúnistaflokksins.



Sigurður Jón Ólafsson félagi í miðstj. Kommúnistaflokksins.

„Samstjórn stéttanna"

Nýlega kom fram í grein eftir Þröst Ólafsson í Tímariti Máls og menningar að Alþýðubandalagið ætti að stefna að "samstjórn stéttanna", þar sem AB og Sjálfstæðisflokkurinn lékju aðalhlutverkið. ÞÓ heldur því fram að uppskriftin að "vinstri-stjórn" sé gengin sér til húðar og ekki sé rétt að "verkalýðsstéttin standi utan við allar stjórnir". Verkalýðsstéttin í þessu samhengi er að sjálfsögðu aðeins fínna nafn á Alþýðubandalaginu.

Hvað þýðir samstjórn stéttanna?

Ríkisstjórn sem þetta nafn bæri myndi væntanlega gera "viðeigandi efnahagsráðstafanir" þar sem íhaldið gæfi línuna "að fengnu samráði við fulltrúa launþega" en það samráð sæi AB um. Þannig væri hægt að gera allt það sem núverandi ríkisstjórn er að reyna án þess að verkalýðshreyfingin hreyfði hönd eða fót. Enda eru verkalýðsforkólfar AB nú í óða önn að sýna atvinnurekendum fram á hagkvæmni þess að hafa AB í ríkisstjórn. Þannig nota þeir verkalýðshreyfinguna á dólgslegan hátt til að koma í höfn eiginhagsmunum og metnaði AB. Forsvarsmenn verkalýðsfélaga þar sem alþýðubandalagsmenn ráða hafa í hótunum við ríkisstjórnina og atvinnurekendur og stofna til aðgerða. Ástæðan er einfaldlega sú að koma íhaldinu og atvinnurekendum í skilning um að ekki sé hægt að "halda friðinn" án stjórnarsamstarfs við AB.

Óánægjan í Alþýðubandalaginu.

Það leið ekki á löngu áður en Þresti var svarað fullum hálsi. Í fyrsta sunnudagsblaði Þjóðviljans eftir birtingu greinar Þrastar er fjallað um hana. Árni Bergmann bendir á að minnihluti alþýðubandalagsmanna sé fylgjandi stjórnarsamstarfi við íhaldið.

Sjálfur formaðurinn, Lúðvík Jósefsson, bendir Þresti vinsamlega á að honum sé frjálst að hafa hvaða skoðun sem er en þær brjóti í bága við stefnu AB. Í yfirlýsingunni afneitar Lúðvík stjórnarsamstarfi við íhaldið svo ekki verður um

Framhald á síðu 2.



NATO herlið vakir yfir eignum og hagsmunum alþjóðlegra auðhringa víða um heim.

Mótmæli SHA við Álverið

Þann 13. apríl efndu Samtök herstöðvaandstæðinga til mótmælastöðu við álverið í Straumsvík. Kveikja þessara aðgerða var för Stjórnunarfélagsins á vit álfustanna. Með aðgerðum sínum vildu SHA undirstrika andstöðu sína við erlenda stóriðju í landinu og bentu á að hermálið tengdist ásókn erlendrar stóriðju til landsins. Í dreifimiða sem útbúinn var vegna aðgerðanna segir m.a.:

"Baráttan gegn heimsvaldastefnu beinist ekki aðeins gegn NATO og hersetu Bandaríkjanna á Íslandi. Driffjöður heimsvaldastefnunnar er viðleitni alþjóðlegs auðvalds sem leitar hvarvetna ítaka í sókn eftir hámarksgróða... Engum dylst hvers vegna Alusuisse kaus að reka álver á Íslandi. Hér eru ýmsir þættir auðhringnum hagstæðir: Orka á afsláttarverði, samningaliprir embættismenn og staðsetning NATO-herliðs í landinu."

Þessar aðgerðir SHA voru undirbúnar með mjög skömmum fyrirvara og þrátt fyrir það mættu yfir 30 manns suður í Straumsvík. Það skal tekið fram, að aðgerðirnar voru ekki hugsaðar sem fjöldaaðgerðir heldur fyrst og fremst sem táknrænar. En aðgerðir sem þessar sýna að SHA og liðsmenn þeirra eru vakandi fyrir því að hermálið

Framhald á síðu 3.

NATO OG ALUSUISSE- Greinar af sama meiði

Baráttan gegn heimsvaldastefnu beinist ekki aðeins gegn NATO og hersetu Bandaríkjanna á Íslandi.

Driffjöður heimsvaldastefnunnar er viðleitni alþjóðlegs auðvalds sem leitar hvarvetna ítaka í sókn eftir hámarksgróða.

Í sumum tilfellum er leitað að ódýru vinnuafli, annars staðar að hagkvæmum hráefnalindum og í þriðja stað að ódýrri orku.

Það sem einkennir sérstaklega starfsemi fjölþjóðlegra auðhringa er mikið og sífellt fjármagnsstreymi milli landa og gífurlegar fjárfestingar.

Þess vegna er það lífsspursmál fyrir fjölþj. auðhringi að tryggja sér frelsi til fjármagnsflutnings milli landa, tryggja aðstöðu sína til fjárfestinga í sem flestum löndum og verja fjárfestingarnar, þar sem þær eru miklar.

Engum dylst hvers vegna ALUSUISSE kaus að reka álver á Íslandi. Hér eru ýmsir þættir auðhringnum hagstæðir: Orka á afsláttarverði, samningaliprir embættismenn, og staðsetning NATO -herliðs í landinu.

Þótt aðstandendur NATO og fjölþjóðlegra auðhringa veiti litlar sem engar upplýsingar um samspil þeirra hér, liggur í augum uppi, að með auknum fjárfestingum eykst einnig hættan á þjóðnýtingu, skemmdarverkum og öðrum aðgerðum, sem annaðhvort þjóðfrelsisöfl eða lýðræðisleg stjórnvöld kynnu að grípa til. Til að fyrirbyggja slíkar aðgerðir og vernda eignir og aðstöðu ALUSUISSE á Íslandi, er NATO-herstöðin hér þeim ómetanlegur bakhjarl.

Kröfur herstöðvaandstæðinga eru því :

GEGN HERVALDI - GEGN AUÐVALDI
ÍSLAND ÚR NATO - HERINN BURT

Samtök herstöðvaandstæðinga
13. apríl 1978

Nýr sendiherra

Á vegum Alþýðulýðveldisins Kína er hingað til lands kominn til starfa nýr sendiherra að nafni Chen Feng. Afhenti hann forseta Íslands Dr. Kristjáni Eldjárn trúnaðarbréf sitt fimmtudaginn 6. apríl.

Kommúnistaflokkur Íslands ML býður Chen Feng velkominn til landsins og það er ósk hans að um gott samstarf verði að ræða hér eftir sem hingað til.